

## REGLUGERÐ

### um breyting á reglugerð um öryggisráðstafanir við frystikerfi og búnað í frystihúsum, nr. 12 25. janúar 1965.

#### 1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Í reglum þessum miðast afköst kælikerfa í hitaeiningum við kílógrammkaloríur á klukkustund (kcal/h) og kæling fari fram við  $\pm 15^\circ / +30^\circ / +25^\circ$  C.

#### 2. gr.

1. tl. 6. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Frystipjöppur með meiri en 20.000 kcal/h afköst skulu hafa öryggisloka, sem opni milli sog- og þrýstihliðar þjöppunnar eða opni frá þrýstihlið beint undir bert loft, þannig að þrýstingurinn í kerfinu geti ekki farið fram úr eimþrýstingi við  $+40^\circ$  C.

#### 3. gr.

2. tl. 6. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Á sérhverjum geymi eða hylki, sem er í kælikerfi og hægt er að loka frá kerfinu, skal vera öryggistæki, sem tryggji það, að þrýstingurinn geti aldrei farið fram úr 85% af eimþrýstingi við  $+40^\circ$  C. Ef rúmtak hylkis er meira en 200 lítrar, skulu öryggistæki vera tvö hvort öðru óháð, og skulu þau vera öryggisloki og sprengiplata eða tvöfaldur öryggisloki. Hvort öryggistæki um sig skal geta haldið þrýstingum innan hinna ákveðnu takmarka.

#### 4. gr.

3. tl. 6. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Ljósop öryggistækis skal ákveðast samkvæmt líkingunni  $a = F \cdot \frac{\sqrt{M}}{P_1}$

fyrir alla kælimiðla, sem taldir eru í 2. grein, nema kolsýru, en þá skal hún vera

$$a = 2F \cdot \frac{\sqrt{M}}{P_1}$$

Þar sem

$a$  = ljósopið í  $\text{cm}^2$ .

$F$  = yfirborðsflatarmál í  $\text{m}^2$  þeirra hluta kerfisins, sem öryggistækið verndar.

$M$  = sameindapungur kælimiðilsins.

$P_1$  = raunþrýstingur  $+ 1$ .

Ljósopið skal þó aldrei vera minna en  $0.2 \text{ cm}^2$ .

#### 5. gr.

7. tl. 6. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Dvermál útblástursþípuunnar í mm skal reiknað út samkvæmt eftirfarandi

$$\text{líkingu: } d = 9,1 \sqrt{L \cdot F^2 \frac{M}{(0,6 \cdot P_1)^2 - 1}}$$

Þar sem

$d$  = þvermál útblásturspípunnar í mm.

$L$  = lengd pípunnar í m.

$F$  = yfirborðsflatarmál í  $m^2$  þess hluta kælikerfis, sem verndað er af viðkomandi öryggistæki.

$M$  = sameindþungi kælimiðils.

$P_1$  = raunþrýstingur  $+ 1$ .

Til þess að auðvelda lausn þessarar líkingar fylgir eftirfarandi tafla með gildum á

$$(0,6 \cdot P_1)^{2-1}$$

Kælimiðill	Efnafræðiheiti	M	Raunþrýstingur
		$(0,6 \cdot P_1)^{2-1}$	í $kg/cm^2$
Ammoniak	$NH_3$	0.0494	30
F12	$CCl_2F_2$	1.038	18
Carrene nr. 1	$CH_2Cl_2$	15.4	3.5
F11	$CCl_3F$	21.8	3.5
F113	$C_2Cl_3F_3$	29.8	3.5
F21	$CHCl_3F$	12.86	4
F22	$CHClF_2$	0.268	30
Methylklorid	$CH_2Cl$	0.525	15.5
Brennisteinssýrting	$SO_2$	1.245	11
Dikloretylen	$C_2H_2Cl_2$	15.4	3.5
Etylklorid	$C_2H_5Cl$	10.24	3.5
Metylformit	$H_2SO_4$	9.6	3.5
Kolsýra	$CO_2$	0.0121	100

Þvermál skal þó aldrei vera minna en 10 mm.

6. gr.

7. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Sérhvert kælikerfi með meira en 5000 kcal/h afköstum skal hafa einn eða fleiri þrýstimæla með greinilegu merki við 85% af eimþrýstingi við  $+ 40^\circ C$ .

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um öryggisráðstafanir á vinnu-  
stöðum, nr. 23 1. febrúar 1952, öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum  
þeim, sem hlut eiga að máli.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 19. marz 1971.*

F. h. r.

Baldur Möller.

*Jón Thors.*